SÖLUFULLTRÚAR
Viðar Ingi Pétursson vip@365.is 512 5426
Hrannar Helgason hrannar@365.is 512 5441

Allar atvinnuauglýsingar vikunnar á visir.is


Grundarfjarðarbær

# Skipulags- og byggingarfulltrúi

Grundarfjarðarbær og Stykkishólmsbær auglýsa eftir skipulags- og byggingarfulltrúa.

Um er að ræða 100% starf sem skiptist að jöfnu á milli sveitarfélaganna. Leitað er eftir öflugum og metnaðarfullum einstaklingi sem er reiðubúinn að þróa nýtt starf á traustum grunni. Helstu verkefni eru samkvæmt lögum og samþykktum bæjarstjórna sveitarfélaganna hverju sinni á sviðum skipulagsmála, byggingareftirlits, samgöngumála, umhverfismála, veitukerfa og brunamála.

**Starfssvið**

- Ábyrgð á stefnu bæjarstjórnanna í málaflokkum sem undir hann heyra
- Framkvæmd skipulags- og byggingarmála
- Áætlanagerð og eftirfylgni, mælingar, úttektir og útreikningar
- Undirbúningur og eftirfylgni funda nefnda sveitarfélaganna er sjá um skipulags- og byggingarmál
- Samstarf við aðila utan og innan stjórnsýslunnar sem sinna verkefnum á sviði skipulags- og byggingarmála
- Önnur verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á sviði skipulags- og byggingarmála skv. 8. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 og 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010
- Þekking og reynsla á þeim málaflokkum sem falla undir sviðið
- Þekking og reynsla af stjórnun, áætlanagerð og rekstri
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Metnaður, hugmyndaauðgi, skipulagshæfni og leiðtogahæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum, góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar
- Hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti

**Upplýsingar veita:**

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

**Umsókn óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsókn á að fylgja greinargóð starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.**

**Umsóknarfrestur er til og með 28. apríl**

**Laun eru samkvæmt kjarasamningum stéttarfélaga við Samband íslenskra sveitarfélaga.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is






Birna Ósk Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Einstaklingssviðs

# Við leitum að eldklárum framkvæmdastjóra Tæknisviðs

Framkvæmdastjóri Tæknisviðs heyrir undir forstjóra og er hluti af framkvæmdastjórn Símans. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á uppbyggingu, þróun og rekstri á innviðum Símans, bæði fjarskipta- og upplýsingatækniinnviðum.

Helstu verkefni eru stefnumótun og rekstur, mótun og innleiðing tæknistefnu, mannauðsstjórnun og ábyrgð á að halda Símanum áfram í fararbroddi varðandi tæknilega þekkingu og þróun á fjarskipta- og upplýsingatæknimarkaði.

**Menntun og reynsla:**

- Haldgóð menntun á háskólastigi er æskileg
- Víðtæk stjórnunarreynsla í fjarskipta- og/eða öðrum tæknigeirum
- Víðtæk reynsla af mannauðsstjórnun
- Reynsla og þekking á stefnumótum og eftirfylgni stefnu

**Persónueiginleikar:**

- Mikil samskiptalipurð og hæfni til að vinna í hópi
- Vinnusemi og öguð vinnubrögð
- Góð aðlögunarhæfni
- Heilindi

Umsóknarfrestur er til og með 21. apríl 2013

HAGVANGUR

Fyrirspurnir berist til Rögnu Margrétar Norðdahl (ragnam@skipti.is) eða til Katrínar S. Óladóttur (katrin@hagvangur.is)
Aðeins er tekið á móti umsóknum í gegnum www.hagvangur.is.

Við höfum gildi Símans að leiðarljósi í störfum okkar og erum skapandi, áreiðanleg og lipur.

Síminn

ENNEMM / SÍA / NM57462

Capacent Ráðningar

# SPENNANDI STÖRF Í BOÐI

**LÖGFRÆÐINGUR**
Fjármálafyrirtæki óskar eftir að ráða reynslumikinn lögfræðing til starfa. Starfið felur í sér almenna lögfræðiráðgjöf á sviði samninga-, kröfu-, félaga- og fjármálamarkaðsréttar, samningagerð, ritun álita og samskipti við stjórnvöld.  Gerð er krafa um að viðkomandi hafi lokið grunn- og meistaranámi í lögfræði, hafi lögmannsréttindi auk a.m.k. fimm ára starfsreynslu. Viðkomandi þarf að hafa góða kunnáttu í íslensku og ensku, hafa hæfileika til að vinna sjálfstætt sem og í hóp og búa yfir framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.

**VERK- EÐA TÆKNIFRÆÐINGUR Í STARF VERKEFNASTJÓRA**
Verktakafyrirtæki  óskar eftir að ráða verk- eða tæknifræðing í starf verkefnastjóra á sviði jarðvinnuverkefna. Starfsstöð verður á skrifstofu fyrirtækisins í Reykjavík en starfið krefst einnig dvalar á verkstað á framkvæmdatíma. Meðal verkefna viðkomandi eru umsjón og eftirlit með framkvæmdum, stjórnun hönnunar og útboðsgagnagerðar, rekstur verksamninga og áætlanagerð. Gerð er krafa um menntun á sviði verk- eða tæknifræði sem og reynslu af verkefnastjórnun á sviði jarðvinnuframkvæmda. Þekking á jarðvinnuverkefnum og reynsla af faglegri vinnu þeim tengdum er kostur. Reynsla af áætlanagerð og eftirfylgni áætlana er skilyrði. Leitað er að einstaklingi sem hefur góða getu til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku. Sjálfstæði í vinnubrögðum, frumkvæði og ögun í vinnubrögðum, vilji til að tileinka  sér nýjungar og lipruð í mannlegum samskiptum eru lykileiginleikar.

**DEILDARSTJÓRI LAUNADEILDAR**
Stórt fyrirtæki óskar eftir að ráða deildarstjóra. Viðkomandi mun annast launaáætlun og hafa umsjón með  allri launavinnslu fyrirtækisins og vera ábyrgur fyrir því að laun séu greidd samkvæmt gildandi kjarasamningum. Hann mun jafnfram veita starfsmönnum ráðgjöf og upplýsingar varðandi laun, réttindi og skyldur þeirra. Leitaðer að eintaklingi með viðskiptamenntun og haldgóða reynslu og /  eða þekkingu á launa- og kjaramálum. Lögð er rík áhersla á samskiptahæfni, frumkvæði og sjálfstæði  í vinnubrögðum. Æskilegt er að viðkomandi geti byrjað sem fyrst.

**METNAÐARFULLUR FORRITARI**
Vaxandi hugbúnaðarhús óskar eftir að ráða metnaðarfullan forritara til starfa. Viðkomandi mun fá tækifæri til að takast á við krefjandi verkefni í skapandi og skemmtilegu starfsumhverfi. Verkefni viðkomandi munu felast í þarfagreiningu og þróun nýrra lausna sem og áframhaldandi þróun núverandi lausna fyrirtækisins. Viðkomandi mun einnig fá tækifæri til að koma að stefnumótun og uppbyggingu fyrirtækisins. Gerð er krafa um háskólapróf í tölvunarfræði eða kerfisfræði sem og haldgóða starfsreynslu í forritun. Helstu forritunarmál sem viðkomandi þarf að þekkja eru C# og C++. Þekking á Microsoft SQL server er mikill kostur sem og þekking og reynsla af rekstri upplýsingakerfa. Starfið mun reyna jafnt á þekkingu og samstarfshæfileika. Áhersla er lögð á fagmannleg vinnubrögð. Frumkvæði og hugmyndauðgi eru miklir kostir.

**FJÁRMÁLASTJÓRI**
Traust fyrirtæki óskar eftir að ráða fjármálastjóra. Viðkomandi hefur umsjón með fjármálum, uppgjörum og öllum fjárreiðum fyrirtækisins. Fjármálastjóri mun einnig bera ábyrgð á gerð fjárhags- og rekstraráætlana og sinna fleiri verkefnum sem falla undir fjármáladeildina. Gerð er krafa um háskólamenntun á sviði viðskipta eða rekstsurs, auk haldgóðrar reynslu af fjármálastjórn. Viðkomandi þarf að hafa til að bera stjórnunar- og leiðtogahæfni, frumkvæði og sýna ögun í vinnubrögðum.

**TÆKNIMAÐUR**
Optima óskar eftir að ráða öflugan aðila í starf tæknimanns. Viðkomandi mun koma inn í sterkan hóp 10 starfsmanna tæknisviðs Optima ehf. Starfssvið viðkomandi felst í viðgerðum á tækjum, t.d. prenturum, skönnum, ljósritunarvélum og öðrum tækjum sem fyrirtækið hefur í sölu sem og öðrum tilfallandi verkefnum innan tæknisviðs. Gerð er krafa um menntun á sviði rafiðnfræði eða aðra  sambærlega tæknimenntun sem og haldgóða starfsreynslu af sambærilegu starfi. Reynsla, þekking og áhugi á tæknimálum nauðsynlegur. Góð tölvu- og enskukunnátta skilyrði. Lykileiginleikar viðkomandi eru sjálfstæði í vinnubrögðum, skipulagsgeta og góð geta í samskiptum við annað fólk, bæði viðskiptavini og samstarfsmenn. Í boði er krefjandi starf enda um mjög flókin tæki að ræða. Viðkomandi þarf að geta tekist á við flókinn tækjabúnað og hugbúnað. Starfið felur í sér námskeið bæði hér á landi sem og erlendis.

**UMSJÓN LÍFEYRISSAMNINGA**
Traust alþjóðlegt fyrirtæki óskar eftir að ráða metnaðarfullan og drífandi einstakling til starfa. Verkefnaleg ábyrgð viðkomandi er umsjón með viðbótarlífeyrissamningum. Vinnan fer að mestu leyti fram í gegnum sérhæfð upplýsingakerfi, mikið er um listavinnslur og er því góð Excelkunnátta nauðsynleg. Starfið kallar einnig á upplýsingagjöf til viðskiptavina og samstarfsaðila fyrirtækisins á Íslandi og í Þýskalandi. Gerð er krafa um haldgóða menntun sem nýtist í starfinu. Einnig er gerð krafa um góða íslensku- og þýskukunnáttu í rit-og talmáli, þá er þekking á þýskri fyrirtækjamenningu mikill kostur. Starfið kallar á mikla hæfni í mannlegum samskipum og útsjónarsemi við að leysa ýmis verkefni.

**HUGBÚNAÐARÞRÓUN OG VERKEFNASTJÓRN**
Hugbúnaðarfyrirtæki býður starf forritara með meiru. Starfið felst í að þróa sjálfstætt eða í teymi, hugbúnaðarlausnir, hafa umsjón með og stjórna hugbúnaðarverkefnum fyrir einstaka viðskiptavini ásamt því að veita ráðgjöf og þjónustu í tengslum við þau verkefni. Fyrir hæfan einstakling gefur starfið tækifæri til að taka þátt í hugbúnaðargerð sem nýtir allra nýjustu tækni á hverjum tíma og keppir við stærstu hugbúnaðarfyrirtæki í heiminum. Við val á starfsmanni er tekið mið af samsettri þekkingu og reynslu í hugbúnaðargerð og verkumsjón. Einnig kunnáttu til að nýta eða vinna með Html/CSS, Java, javascript, C, C++, wordpress, php, msql, html/css, django, jQueary, iOS, Android. **Umsóknarfrestur um þetta starf er til og með 29. apríl.**

**Umsóknarfrestur er til og með 21. apríl**
**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um störfin á www.capacent.is**

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

# Vertu með í kröftugu liði Samskipa

## FARMSKRÁRFULLTRÚI

### Samskip óska eftir að ráða farmskrárfulltrúa í útflutningsdeild

**Starfssvið**

- Tekjuskráning í flutningakerfi Samskipa
- Móttaka og skil á farmskrám
- Tilkynninga- og reikningagerð vegna flutningsgjalda
- Samskipti við tollembætti
- Samskipti við erlendar skrifstofur Samskipa
- Samskipti og þjónusta við innri og ytri viðskiptavini

**Menntunar- og hæfnikröfur**

- Háskólamenntun er kostur
- Talnagleggni og góð tölvukunnátta
- Góð enskukunnátta æskileg
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Góður skilningur á verklagsreglum og færni til að fylgja þeim
- Góðir samskiptahæfileikar
- Þekkir eðli þjónustu og hefur ríka þjónustulund

## SÖLUFULLTRÚI

### Samskip óska eftir að ráða sölufulltrúa í innanlandsdeild Landflutninga

**Starfssvið**

- Sala og kynning á þjónustu
- Öflun nýrra viðskiptavina
- Ráðgjöf og söluheimsóknir til viðskiptavina
- Tilboðs- og samningagerð
- Samskipti við innri og ytri viðskiptavini

**Menntunar- og hæfnikröfur**

- Framhaldsmenntun æskileg
- Kröftugir söluhæfileikar
- Víðtæk reynsla af sölustörfum
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar
- Góð enskukunnátta æskileg
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri

**Umsóknarfrestur er til og með 21. apríl nk.**

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Umsjón með ráðningum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Erik Christianson Chaillot (erik.chaillot@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.




Samskip eru flutningafyrirtæki með starfsstöðvar víða um heim. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum faglega ráðgjöf og heildarlausnir á sviði flutninga- og flutningatengdrar þjónustu. Við höfum á að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf og tækifæri til starfsþróunar. Öryggis- og heilbrigðismál starfsfólks eru í fyrirrúmi og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuaðstöðu.

SAMSKIP
Saman náum við árangri

Við erum að leita að

# SNILLINGUM

þ.e. forritara og tæknimanni

Framundan eru spennandi tímar og því þurfum við að bæta við okkur nýjum liðsmönnum. Viðkomandi aðilar þurfa að eiga auðvelt með samskipti og geta leiðbeint innlendum og erlendum samstarfsaðilum.

Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu á eða reynslu af:

- **Forritun**
- **Rekstri vefþjóna (Linux)**
- **IP, Cisco**
- **Telcom, Transmission**

Ferilskrá skal senda á umsokn@imc.is fyrir 22. apríl.
Nánari upplýsingar: umsokn@imc.is

IMC ÍSLAND ehf

**IMC Ísland • Borgartúni 31 • sími 415 3500 • www.imc.is**

# HÓTEL FLATEY

*Kyrrð – Tímaleysi – Hvíld*

## Kokkur óskast í sumar á Hótel Flatey

**Áhugasamir hafi samband með tölvupósti a netfangið mensa@mensa.is**



Hótel Flatey: 422 7610 / 555-7788 · hotelflatey.is · info@hotelflatey.is

Capacent Ráðningar

## UMSJÓNARMAÐUR OBHM Í BREKKUSKÓGI

Í Orlofssjóði BHM eru 10.000 sjóðfélagar. Sjóðurinn á 51 eign og þar af eru 32 í Brekkuskógi. Unnið er eftir umhverfisstefnu á svæðinu.

Orlofssjóður BHM

**Orlofssjóður BHM leitar að umsjónarmanni fyrir orlofshúsabyggð sjóðsins í Brekkuskógi. Orlofshúsin eru 30 talsins og auk þess er þjónustuhús með sal og baðhús með gufubaði og heitum pottum.**

**Helstu verkefni umsjónarmanns eru:**

- Almennt viðhald, umsjón og eftirlit með orlofshúsum, umhverfi þeirra og öðrum mannvirkjum á svæðinu
- Þjónusta og samskipti við orlofsgesti
- Samskipti við skrifstofu sjóðsins og verktaka

**Hæfniskröfur:**

- Verkþekking og reynsla af sambærilegum verkefnum
- Þjónustulund, jákvæðni og færni í mannlegum samskiptum
- Iðnmenntun er mikill kostur

Leitað er eftir samviskusömum og duglegum einstaklingi. Möguleiki er á búsetu á svæðinu.

Umsóknarfrestur er til og með 29. apríl 2013. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Nánari upplýsingar veita Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) og Erik Christianson Cahillot (erik.challiot@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

## FORSTJÓRI SKIPULAGSSTOFNUNAR

Skipulagsstofnun sinnir stjórnsýslu- og leiðbeiningarhlutverki á sviði skipulagsmála, mats á umhverfisáhrifum framkvæmda og umhverfismats áætlana. Stofnunin stendur fyrir kynningum og rannsóknum á sviði skipulagsmála og umhverfismats. Stofnunin vinnur í víðtæku samráði við sveitarfélög, önnur stjórnvöld og hagsmunaaðila. Skipulagsstofnun heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

**Umhverfis- og auðlindaráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti forstjóra Skipulagsstofnunar**

**Starfssvið:**

- Stjórnun og stefnumótun
- Ábyrgð í rekstri
- Áætlanagerð
- Starfsmannamál
- Samskipti við stjórnvöld og hagsmunaaðila
- Erlend samskipti

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði skipulagsmála
- Stjórnunarreynsla
- Leiðtogahæfileikar og geta til að hvetja aðra til árangurs
- Frumkvæði og metnaður til að sýna árangur í starfi og kraftur til að hrinda verkum í framkvæmd
- Þekking og/eða reynsla á sviði opinberrar stjórnsýslu kostur
- Hæfni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli

**Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um stöðuna. Umsóknarfrestur er til og með 29.apríl nk.**

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capcent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

## SharePoint rekstur

Óskum eftir að komast í samband við einstaklinga með reynslu af rekstri SharePoint kerfa. Einnig koma til greina reyndir Microsoft sérfræðingar sem vilja öðlast sérþekkingu í SharePoint.

## Navision forritun

Óskum eftir að komast í samband við Navision forritara sem langar í nýjar áskoranir í starfi. Eins til tveggja ára Navision reynsla kemur vel til greina.

Sjá nánari upplýsingar á www.intellecta.is

**intellecta**
ráðgjöf ▪ ráðningar ▪ rannsóknir

Síðumúla 5 ▪ 108 Reykjavík ▪ sími 511 1225 ▪ www.intellecta.is

# Sölumaður

**Vegna vaxandi umsvifa óska Rekstrarvörur eftir að ráða sölumann til starfa. Í boði er starf hjá rótgrónu og traustu fyrirtæki með mikla sóknarmöguleika.**

**Rekstrarvörur**
*- vinna með þér*

**566098**
Starf sölumanns á almennum rekstrar- og hreinlætisvörum fyrir fyrirtæki og stofnanir felur í sér heimsóknir, úthringingar, sölu og þjónustu til viðskiptavina á fyrirtækja- og stofnanamarkaði. Starfinu geta fylgt ferðalög innanlands.

Leitað er að sölumanni með reynslu af sölu og þjónustu á fyrirtækja- og stofnanamarkaði. Kostur ef reynsla af störfum í matvælaiðnaði og/eða stóreldhúsum er fyrir hendi. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á sölu, hafa til að bera frumkvæði og metnað til að leita nýrra sóknartækifæra auk þess að viðhalda tengslum við núverandi viðskiptavini. Vinnutími er mánudaga til fimmtudaga frá kl. 8:00-17:00 og föstudaga frá kl. 8:00-16:00. Viðkomandi þarf að hefja störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi. Einungis reyklausir einstaklingar með hreint sakavottorð, í leit að framtíðarstarfi koma til greina.

Nánari upplýsingar og skráning á www.vinna.is

vinna.is
S: 511 1144



# WOW störf ... fyrir WOW fólk!

LOFORÐ WOW
LÆGRA VERÐ
NÝRRI VÉLAR
OG BREIÐASTA BROSIÐ

### Markaðsstjóri

WOW air leitar að framúrskarandi markaðsstjóra til að sjá um markaðsmál fyrirtækisins á Íslandi og úti í hinum stóra heimi. Hann þarf að vera snillingur í markaðssetningu á netinu, vera ávallt í stuði til að takast á við krefjandi verkefni, ofurskipulagður og með sjóðandi heitan áhuga á markaðsmálum. A.m.k. 3–5 ára reynsla af stjórnun og markaðsmálum er skilyrði og að hafa háskólapróf sem nýtist í starfi. Markaðsstjóri þarf að geta heillað fólk með nærveru sinni og vera fær í mannlegum samskiptum.

### Verkefnastjóri í markaðsdeild

WOW air leitar að skipulögðum verkefnastjóra í markaðsdeild. Viðkomandi þarf að hafa gífurlegan áhuga á markaðssetningu á netinu og búa yfir að minnsta kosti 2–3 ára reynslu af markaðsmálum. Háskólapróf er skilyrði. WOW verkefnastjóri þarf að vera leiðandi í hópvinnu og sjálfstæður í vinnubrögðum.

### Markaðssérfræðingur í vefmálum

WOW air leitar að vefmarkaðssénii í markaðsdeild með mikla skipulagshæfileika og mjög mikinn áhuga á markaðsmálum. Viðkomandi mun halda utan um erlenda markaðssetningu WOW air og þarf að elska að greina sölutækifæri og gera notendaupplifun fluggesta á vefnum frábæra. 2–3 ára reynsla af markaðsstarfi, háskólapróf og færni í markaðssetningu á netinu er skilyrði. Google Analytics, AdWords og leitarvélabestun verða að hljóma sem músík í eyrum viðkomandi.

### Bókari

WOW air leitar að talnagúru í bókhaldið til að sinna fjölbreyttum verkefnum á fjármálasviði. Reynsla og haldbær þekking á bókhaldi er nauðsynleg. Bókari þarf að vera snillingur í Excel og þekking á Navision væri snilld. Jákvæðni og skipulagshæfileikar eru afar góðir kostir.

Hoppaðu um borð og sendu okkur umsókn á **starf@wow.is** fyrir **20. apríl**. Við bíðum spennt.

WOW air

Katrínartún 12 | 105 Reykjavík | Ísland / Iceland | +354 590 3000 | www.wow.is | wow@wow.is

13-1024 - HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



UMFERÐARSTOFA

Umferðarstofa var bæði árið 2009 og 2010 valin stofnun ársins í könnun sem gerð var á meðal félagsmanna SFR – stéttarfélag í almannaþjónustu. Árið 2012 var stofnunin í öðru sæti. Hjá stofnuninni starfa um 55 starfsmenn. Lögð er áhersla á þjónustu, árangur, áreiðanleika og jákvæðni. Tilgangur Umferðarstofu er að auka lífsgæði með því að efla öryggi í umferðinni. Stofnunin hefur innleitt stefnumiðað árangursmat og er því mikið lagt upp úr mælanlegum árangri. Upplýsingar um Umferðarstofu má finna á heimasíðu **www.us.is.**

# Lögfræðingur á rekstrarsvið

**Helstu verkefni**

Verkefni lögfræðings felast m.a. í svörun erinda sem stofnuninni berast, mótun laga og reglna um bíltæknileg málefni, umferð og umferðaröryggi. Innleiðingu EB-gerða, viðhaldi, breytingum og túlkun laga og reglugerða sem eru á starfssviði stofnunarinnar, ásamt gerð stjórnvaldsákvarðana í málum stofnunarinnar. Starf lögfræðings heyrir undir yfirlögfræðing stofnunarinnar. Starfshlutfall er 100%. Gert er ráð fyrir því að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Fullnaðarpróf í lögfræði er skilyrði
- Góð þekking á sviði stjórnsýsluréttar er æskileg
- Mjög gott vald á íslensku, bæði í ræðu og riti
- Mjög gott vald á ensku, bæði í ræðu og riti
- Færni í Norðurlandamálum er kostur
- Leitað er að einstaklingi sem er sjálfstæður, úrræðagóður, skipulagður, drífandi, jákvæður og fær í mannlegum samskiptum

# Forritari í NorType verkefnið

**Helstu verkefni**

NorType verkefnið snýst um skráningu tæknilegra atriða úr evrópskum heildargerðarviðurkenningum á fólksbifreiðum, sendibifreiðum og mótorhjólum. Hlutverk forritara er að sjá um og þróa tölvukerfi NorType, sem í dag eru unnin í Ruby on Rails með bakvinnslu í Clojure, JRuby og Xquery. Möguleiki er á að þróa kerfin í aðra átt, með stuðningi frá öðrum forriturum stofnunarinnar.

Starfið hentar einstaklingi sem er opinn fyrir því að læra og setja sig inn í nýja hluti og þróast í starfi. Fyrst um sinn mun nýr forritari vinna samhliða núverandi forritara NorType, en taka síðar við verkefninu að fullu. Starfshlutfall er 100%. Upphafsdagur ráðningar er eftir samkomulagi.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, t.d. tölvunarfræði, eða önnur reynsla sem nýtist í starfi forritara
- Góð þekking á Excel, XML og gagnagrunnskerfum nauðsynleg
- Þekking á Ruby on Rails, JRuby, Clojure og Xquery kostur
- Mjög góð enskukunnátta er nauðsynleg
- Viðkomandi þarf að búa yfir miklu frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum, vandvirkni, og hafa sérlega góða samstarfs- og samskiptahæfileika

# Starfsmaður í notendaþjónustu á upplýsingatæknisvið

**Helstu verkefni**

Starfið felst aðallega í notendaaðstoð, uppsetningu og þjónustu á vél- og hugbúnaði starfsmanna auk annarra fjölbreyttra verkefna. Starfið hentar einstaklingi sem vill hafa mikið að gera og læra nýja hluti. Starfshlutfall er 100%. Gert er ráð fyrir því að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Rík þjónustulund
- Mjög góð almenn tölvukunnátta
- Góð þekking á Microsoft hugbúnaði á útstöðvum
- Góð þekking á tölvum og tengdum búnaði og færni til bilanagreininga
- Þekking á netkerfum, tengingum og samskiptabúnaði
- Þekking á Microsoft hugbúnaði á netþjónum æskileg
- Microsoft gráður eru kostur
- Leitað er að einstaklingi sem er metnaðarfullur, samvisku-samur og góður í mannlegum samskiptum, sýnir frumkvæði og getur unnið sjálfstætt og í hóp

Vakin er athygli á því að þann 1. júlí nk. mun Umferðarstofa sameinast Flugmálastjórn og hluta Siglingastofnunar og Vegagerðarinnar undir nafninu Samgöngustofa. Öll störf og verkefni Umferðarstofu munu flytjast til nýrrar stofnunar.

## Upplýsingar veita:

Elísabet Sverrisdóttir
elisabet@hagvangur.is

Inga Steinunn Arnardóttir
inga@hagvangur.is

Kristín Guðmundsdóttir
kristin@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 29. apríl 2013.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í a.m.k. sex mánuði ef staða losnar á ný.

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

FLUGMÁLASTJÓRN ÍSLANDS
Icelandic Civil Aviation Administration

Flugmálastjórn Íslands er ríkisstofnun með u.þ.b. 45 starfsmenn. Hlutverk Flugmálastjórnar er að fara með stjórnsýslu á sviði flugmála innanlands og á alþjóðavettvangi, hafa eftirlit með hvers konar flugstarfsemi á vegum íslenskra aðila til að tryggja öryggi í flugi innanlands og utan. Flugmálastjórn leggur áherslu á jafnan rétt kvenna og karla til starfa.



# Lögfræðingur á stjórnsýslusviði

Flugmálastjórn Íslands óskar eftir að ráða áhugasaman og duglegan lögfræðing til starfa á stjórnsýslusviði stofnunarinnar.

**Helstu verkefni**
- Samning lagafrumvarpa og reglugerða, ásamt þátttöku í vinnu við innleiðingu reglugerða Evrópusambandsins á sviði samgöngumála í samvinnu við innanríkisráðuneytið
- Skrif álitsgerða og framsetning lögfræðilegs efnis
- Svar almennra lagalegra fyrirspurna
- Þátttaka í innlendu og alþjóðlegu samstarfi

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Kandídats- eða meistarapróf í lögfræði
- Reynsla á sviði opinberrar stjórnsýslu er nauðsynleg
- Reynsla eða þekking á Evrópurétti og EES-samningnum nauðsynleg
- Reynsla eða þekking á samgöngumálum æskileg
- Mjög gott vald á íslensku og ensku, í rituðu og töluðu máli nauðsynlegt
- Góð færni í einu Norðurlandamáli æskileg
- Frumkvæði, skipulögð vinnubrögð og sjálfstæði í starfi
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum

Um er að ræða fullt starf og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt samningum fjármálaráðuneytisins og viðkomandi stéttarfélags.

Í boði er áhugavert starf með fjölbreyttum verkefnum þar sem hæfileikar og frumkvæði fá notið sín.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

# Eftirlitsmaður í flugleiðsögu- og flugvalladeild

Flugmálastjórn Íslands óskar eftir að ráða eftirlitsmann í flugleiðsögu- og flugvalladeild.

**Helstu verkefni**
Starfið felst einkum í úttektum og eftirliti með flugvöllum. Vænta má að verkefni viðkomandi munu með tímanum einnig felast í eftirliti með flugleiðsöguþjónustu.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi eða annað sambærilegt nám er skilyrði
- Menntun eða reynsla af tæknisviði er kostur
- Þekking á gæðakerfum eða reynsla á því sviði skilyrði
- Þekking á öryggisstjórnunarkerfum (SMS) og úttektum er æskileg
- Mjög góð tök á íslensku og ensku
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum

Við leitum að starfsmanni með góða samstarfshæfileika, örugga og þægilega framkomu og mikinn áhuga á flugstarfsemi. Hann þarf að sýna frumkvæði og nákvæmni í vinnubrögðum og vera faglegur í starfi. Starfsmaðurinn þarf að geta unnið sjálfstætt og undir álagi, vera skipulagður og agaður í verkum sínum í hvívetna. Launakjör taka mið af viðeigandi kjarasamningum opinberra starfsmanna.

Í boði er áhugavert starf hjá Flugmálastjórn þar sem hæfileikar og frumkvæði fá notið sín. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir geta gilt í allt að sex mánuði. Flugmálastjórn áskilur sér rétt til þess að hafna öllum umsóknum.

Vakin er athygli á því að þann 1. júlí nk. mun Flugmálastjórn sameinast Umferðastofu og hluta Siglingastofnunar og Vegagerðarinnar undir nafninu Samgöngustofa. Öll störf og verkefni Flugmálastjórnar munu flytjast til nýrrar stofnunar.

## Upplýsingar veita:

Elísabet Sverrisdóttir
elisabet@hagvangur.is

Inga Steinunn Arnardóttir
inga@hagvangur.is

Kristín Guðmundsdóttir
kristin@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 29. apríl 2013.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is


# Vantar þig starfsmann?

Með faglegu ráðningarferli finnum við starfsmanninn sem hentar þínu fyrirtæki.

**Þrjú meginsvið Hagvangs**
- Ráðningar
- Ráðgjöf
- Greiningar og próf

Hafðu endilega samband við ráðgjafa Hagvangs eða skoðaðu **www.hagvangur.is** til að kynna þér þjónustuna sem er í boði.

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

# Staða stjórnanda Skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts

**Laus er til umsóknar staða stjórnanda Skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts**
Reykjavíkurborg rekur 4 skólahljómsveitir sem starfa í Vesturbæ-Miðbæ, Austurbæ, Árbæ-Breiðholti og Grafarvogi. Meginmarkmið þeirra er að jafna tækifæri nemenda til tónlistarnáms og stuðla að hæfni þeirra til að flytja og skapa tónlist, svo og að njóta hennar. Á fimmta hundrað nemenda stunda nám í skólahljómsveitunum og koma þeir á hverjum vetri fram við fjölmörg tækifæri sem tengjast skólastarfi og viðburðum í þeirra hverfum.

Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts var stofnuð 1968. Í henni eru nemendur á grunnskólaaldri úr Norðlingaholti, Árbæ og Breiðholti. Starfið fer fram í þremur blásarasveitum og skipast nemendur í þær eftir aldri og getu. Megináhersla er lögð á að kenna nemendum hljómsveitarsamleik, en hljóðfæranám fer jafnframt fram í einkatímum í heimaskóla nemenda. Kennt er á þau málm- og blásturshljóðfæri sem leikið er á í hefðbundnum blásarasveitum, auk slagverks og rafbassa. Aðsetur sveitarinnar er í Breiðholtsskóla og fara hljómsveitaræfingar fram í sal skólans.

Leitað er að einstaklingi sem hefur kunnáttu, færni og metnað til að leiða faglegt starf hljómsveitarinnar, býr yfir leiðtogahæfileikum og hefur góða og víðtæka þekkingu á sviði tónlistarmenntunar barna.

**Helstu verkefni stjórnanda skólahljómsveitarinnar:**
- Ábyrgð á listrænni stjórnun og stefnu skólahljómsveitarinnar.
- Stjórn og ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi.
- Ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Ábyrgð á samstarfi við aðila skólasamfélagsins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Lokapróf á blásturshljóðfæri, framhaldsmenntun æskileg.
- Reynsla af stjórnun hljómsveita.
- Reynsla af kennslu og vinnu með börnum og unglingum.
- Reynsla og þekking af rekstri og fjármálum æskileg.
- Góð tölvukunnátta.
- Færni til að leiða framsækið og metnaðarfullt hljómsveitarstarf.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.

Óskað er eftir að umsókn fylgi greinargerð í stuttu máli um hugmyndir umsækjenda um framkvæmd hljómsveitarstarfsins, framtíð þess og möguleika á samstarfi við grenndarsamfélagið. Auk þess fylgi umsókn yfirlit yfir nám og fyrri störf, upplýsingar um framsækin verkefni sem umsækjandi hefur leitt og annað sem málið varðar.

**Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2013. Umsóknarfrestur er til og með 2. maí 2013.**

Laun eru skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna FT. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf.

Nánari upplýsingar um starfið veita Sigfríður Björnsdóttir, deildarstjóri listfræðslu, og Valgerður Janusdóttir, mannauðsstjóri, sími 411-1111.
Netföng: sigfridur.bjornsdottir@reykjavik.is / valgerdur.janusdottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

# LEIKSKÓLINN HOLT



*Frábært og spennandi tækifæri*



## Deildarstjóri óskast

Leikskólinn Holt er 5 deilda leikskóli, staðsettur í tveimur húsum í Völvufelli 7-9 í Breiðholtinu.

Í starfinu er lögð áhersla á málörvun, umhverfismennt og fjölmenningu. Við erum samstarfsaðilar í hinu frábæra þróunarverkefni „Okkar mál" en það byggir á samstarfi um menningu, mál og læsi í Fellahverfi. Að auki erum við að vinna með umhverfismennt, fjölmenningarlegan barnahóp, tannvernd, nýjar leiðir í foreldrasamstarfi og innleiðingu á kennslu með spjaldtölvum.

**Staðan er laus nú þegar – umsóknarfrestur er 28. apríl.**

**Helstu verkefni og ábyrgð**
Að vinna að uppeldi og menntun leikskólabarna samkvæmt starfslýsingu deildarstjóra, þ.m.t.:
- Að bera ábyrgð á uppeldis- og menntunarstarfinu sem fram fer á deildinni.
- Stjórnun, skipulagning og mat á starfi deildarinnar.
- Að bera ábyrgð á að unnið sé eftir skólanámskrá.
- Að bera ábyrgð á foreldrasamvinnu.

Leitað er að leikskólakennara í fullt starf sem hefur áhuga á að byggja upp metnaðarfullt leikskólastarf.

**Hæfniskröfur**
- Leikskólakennaramenntun.
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum með ungum börnum.
- Góð færni í samskiptum.
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður.
- Sjálfstæð og skapandi vinnubrögð.
- Tölvukunnátta.
- Góð íslenskukunnátta er skilyrði.



**Frekari upplýsingar um starfið**
Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags leikskólakennara.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Halldóra Björg Gunnlaugsdóttir í síma 693-9882 eða með því að senda fyrirspurnir á halldora.bjorg.gunnlaugsdottir@reykjavik.is



Vinsamlegast sækið um starfið á starfsumsóknarsíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið




# VÉLVIRKI EÐA BIFVÉLAVIRKI Á NÝTT, FULLKOMIÐ ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI EIMSKIPS Í SUNDAHÖFN

Eimskip óskar eftir að ráða vélvirkja eða bifvélavirkja til framtíðarstarfa á nýtt þjónustuverkstæði Eimskips í Sundahöfn. Í boði er fjölbreytt og skemmtilegt starf við fyrsta flokks vinnuaðstæður á nýju verkstæði.

**Hæfniskröfur:**
- Sveinspróf í bifvélavirkjun eða vélvirkjun.
- Reynsla af viðgerðum á lyfturum eða vinnuvélum er æskileg.
- Íslenskukunnátta er skilyrði.
- Góð þjónustulund og jákvæðni.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Stefán Níels Guðmundsson, deildarstjóri þjónustuverkstæðis, í síma 525 7412, *stn@eimskip.is*

Umsjón með ráðningunni hefur Sigríður Guðmundsdóttir í síma 525 7364, *srr@eimskip.is*

Hreint sakavottorð er skilyrði fyrir ráðningu hjá Eimskip.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um á heimasíðu okkar *www.eimskip.is*.
**Umsóknarfrestur er til og með 20. apríl 2013.**

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Eimskip er leiðandi flutningafyrirtæki sem veitir alhliða flutningaþjónustu, byggða á áreiðanlegu og skilvirku framleiðslukerfi á Norður-Atlantshafi og alþjóðlegri frystiflutningsmiðlun, með framúrskarandi þjónustu að leiðarljósi.

Eimskip skapar tækifæri fyrir starfsmenn til að dafna og vaxa í starfi í góðu og heilbrigðu starfsumhverfi með grunngildi félagsins að leiðarljósi: *Árangur – Samstarf – Traust.*

FÍTON / SÍA

EIMSKIP
YFIR HAFIÐ OG HEIM

Eimskip | Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.eimskip.is

## Galdrastál slf. - Málmiðnaðarmaður

Óskum eftir að ráða vanan TIG og MIG suðumann í smíði og uppsetningu á framleiðsluvörum okkar.
Umsóknir sendist á galdrastal@gmail.com.
Einnig er hægt að fá uppl. í síma 869-8595, Sigurður.

**Dalabyggð**

## Auðarskóli

Við grunnskóladeild Auðarskóla í Búðardal eru lausar stöður grunnskólakennara frá og með næsta skólaári. Meðal kennslugreina eru smíði, enska, myndmennt og almenn bekkjarkennsla. **Umsóknarfrestur er til 29. apríl.** Nánari upplýsingar veitir Eyjólfur Sturlaugsson skólastjóri í síma 434-1133 eða á netfanginu eyjolfur@audarskoli.is. Viðamiklar upplýsingar um skólann er að finna á www.audarskoli.is

ALÞINGI

## Næturvörður hjá Alþingi

Skrifstofa Alþingis auglýsir eftir næturvörðum til framtíðarstarfa.
Sjá nánari upplýsingar á starfatorg.is.



**Veðurstofa Íslands**

# Sérfræðingur í mælarekstri

Veðurstofa Íslands auglýsir eftir sérfræðingi í mælarekstri, til starfa á Athugana- og tæknisviði. Sviðið þjónar margþættu hlutverki fyrir langtíma náttúrufars- og auðlindarannsóknir og vöktun náttúruvár. Sviðið ber ábyrgð á frum-skráningu allra mæligagna og gagnastraumum til innri og ytri viðskiptavina. Í boði er spennandi og krefjandi framtíðarstarf í hópi 25 starfsmanna við rekstur á viðamiklu mælikerfi sem telur yfir 600 stöðvar vítt og breytt um landið.

**Helstu verkefni**
Sérfræðivinna við mælarekstur, eftirlit og uppbyggingu veðurmælakerfis, ásamt miðlun mæligagna og úrvinnslu. Starfinu gæti fylgt leiðandi hlutverk á svið gæðaeftirlits frumgagna og umsýslu með gögn og gagnagrunna.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskóla- og framhaldsnám á sviði, verkfræði, tæknifræði eða raunvísinda
- Farsæl reynsla á sviði mælareksturs og úrvinnslu mæligagna, gagnaumsýslu og streymi mæligagna
- Færni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt og í teymisvinnu
- Þekking á viðhaldi og viðgerð mælitækja og eftirlit með sannprófun þeirra
- Góð tölvuþekking og reynsla á sviði forritunar mælitækja (t.d. Campbell)
- Góð færni í íslensku og ensku
- Farsæl reynsla af ferðum í óbyggðum

Laun taka mið af kjarasamningum ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um störfin veita **Óðinn Þórarinsson**, framkvæmdastjóri Athugana- og tæknisviðs (**odinn@vedur.is**, 522 6000) og **Borgar Ævar Axelsson**, mannauðsstjóri (**borgar@vedur.is**, 522 6000).

**Umsóknarfrestur er til og með 28. apríl nk.**

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Veðurstofu Íslands undir **www.vedur.is/um-vi/laus-storf** eða á **www.starfatorg.is**

*Veðurstofa Íslands er opinber stofnun og heyrir undir umhverfisráðuneytið. Hjá stofnuninni starfa um 130 manns með fjölbreytta menntun og starfsreynslu sem spannar mörg fræðasvið. Auk þess starfa um 120 manns við athugana- og eftirlitsstörf víðsvegar um landið. Viðfangsefni Veðurstofu Íslands eru eðlisþættir jarðarinnar:* ***Loft, vatn, snjór, jöklar, jörð*** *og* ***haf****. Hlutverk stofnunarinnar er öflun, varðveisla, úrvinnsla og miðlun upplýsinga. Starfsemin fer fram á fjórum sviðum:* ***Eftirlits- og spásviði, Úrvinnslu- og rannsóknasviði, Fjármála- og rekstrarsviði*** *og* ***Athugana- og tæknisviði****. Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar* ***www.vedur.is***

*Gildi Veðurstofunnar eru* ***þekking, áreiðanleiki, samvinna og framsækni****. Ráðningar hjá stofnuninni munu taka mið af þessum gildum.*



www.vedur.is
522 6000




# Býrð þú yfir fjármálaviti?

## Meniga auglýsir eftir fjármálastjóra

**Fjármálastjóri Meniga**
» ber ábyrgð á allri fjármálastjórnun Meniga og dótturfélaga þess
» ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlana í samráði við aðra stjórnendur félagsins
» ber ábyrgð á skýrslugjöf til stjórnar og framkvæmdastjórnar félagsins
» tekur þátt í stefnumótandi ákvörðun Meniga og situr í framkvæmdastjórn

**Fjármálastjóri Meniga þarf**
» að hafa þekkingu og reynslu af reikningsskilum, fjármálastjórnun og bókhaldi
» að búa yfir reynslu af starfi í alþjóðlegu umhverfi
» að hafa framúrskarandi gott vald á íslensku og ensku
» að geta unnið í krefjandi umhverfi
» að hafa sjálfstæðan metnað til að ná framúrskarandi árangri í starfi
» að vera góður liðsfélagi

Reynsla og þekking í hugbúnaðargeiranum er mikill kostur.
Tungumálakunnátta umfram hæfniskröfur er einnig kostur.

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 20. apríl nk.**
**Upplýsingar veitir Sverrir Briem, sverrir@hagvangur.is**

HAGVANGUR

Meniga er brautryðjandi í þróun nýrrar kynslóðar netbanka á heimsvísu. Viðskiptavinir okkar eru í mörgum löndum og við gerum ráð fyrir að tekjurnar verði um milljarð á þessu ári. Við erum með starfsstöðvar í Stokkhólmi og Reykjavík.

**Við lofum »**

» Tækifæri til að læra, vaxa og þroskast í starfi
» Fjölskylduvænu og góðu vinnuumhverfi
» Skemmtilegum vinnustað
» Góðum starfskjörum
» Besta kaffi sem völ er á

**MENIGA**

Meniga | Kringlunni 5 | 103 Reykjavík | Sími: 527 7800 | meniga@meniga.com | www.meniga.com

# Rannsóknastjóri

## á Heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands

**Laust er til umsóknar 100% starf rannsóknastjóra á Heilbrigðisvísindasviði.** Um er að ræða fjölbreytt uppbyggingarstarf sem krefst mikillar skipulags- og samstarfshæfni, auk hæfileika til verkstjórnunar og þekkingar á rannsóknastarfi og nýsköpun.

### Helstu verkefni eru að:

- Þróa og efla stuðning við rannsóknir á Heilbrigðisvísindasviði.
- Fylgjast með tækifærum til að efla rannsóknir og upplýsa þá starfsmenn sviðsins sem geta nýtt sér þau.
- Styðja kennara og vísindamenn við að sækja um styrki og aðstoða við að skrifa styrkumsóknir.
- Kynna innlenda og erlenda rannsóknasjóði.
- Halda námskeið í hvernig samkeppnishæfar umsóknir eru skrifaðar.
- Aðstoða við útreikninga á kostnaðarþáttum fyrir styrkumsóknir.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Þekking og reynsla af rannsóknastarfi í háskóla er nauðsynleg, auk reynslu af starfi rannsókna-stofnana, fyrirtækja eða stjórnsýslu.
- Víðtæk þekking á styrkjakerfi rannsókna og nýsköpunar innan- og utanlands er nauðsynleg.
- Doktorspróf á sviði heilbrigðisvísinda er æskilegt.
- Góð tök á mæltu og rituðu máli á íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli.
- Fagmennska, frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Mjög góð færni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund.

Umsóknarfrestur er til og með **12. maí 2013**.

Nánari upplýsingar um starfið má finna á **www.hi.is/laus_storf** og **www.starfatorg.is**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Inga Þórsdóttir, forseti Heilbrigðisvísindasviðs, sími **525 4823** eða **ingathor@hi.is.**

HÁSKÓLI ÍSLANDS

PIPAR\TBWA • SÍA • 131205

---

**Við leitum að yfirmatreiðslumanni í eldhúsið okkar**

Viðkomandi þarf að vera heiðarlegur, snyrtilegur, frumlegur og með brennandi áhuga á matargerð.

Umsóknum ásamt ferilskrá skal skilað á netfangið geir@akureyribackpackers.com

Akureyri Backpackers er hostel í miðbæ Akureyrar en þar er jafnframt rekinn bar og veitingastaður.

---

# ALLRA

*Ráðgjafi / sölufulltrúi óskast*

- Leitum að duglegum og heiðarlegum einstaklingum, með einstaka hæfni í mannlegum samskiptum. Frumkvæði, drifkraftur og skipulögð vinnubrögð eru góðir eiginleikar. Þarf að geta unnið í hóp án vandkvæða.
- Allra Ráðgjöf er ungt og framsækið fyrirtæki sem miðlar fjárhagslausnum og tryggingum.
- Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál !

Umsóknir ásamt starfsferilsskrá sendist á
**atvinna@allra.is**

---



Parlogis leitar að

# STARFSMANNI MEÐ MATARÁST

**Við leitum** að hressum og öflugum matráð til að elda fyrir okkur léttan hádegisverð og hafa umsjón með innkaupum og frágangi í eldhúsi okkar.

**Um er að ræða** 70% starf við afleysingar til að byrja með og möguleiki á framtíðarráðningu eftir sumarið. Vinnutími er sveigjanlegur en öllu máli skiptir að starfsfólk fái hollan, góðan og næringarríkan mat í hádeginu til að geta tekist á við fjölbreytt verkefni dagsins af krafti. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Hæfniskröfur:** Það er mikilvægt að nýr starfsmaður falli vel að þeim samhenta hóp tæplega 60 starfsmanna sem fyrir er. Við leitum því að jákvæðum, drífandi, þjónustulunduðum og hressum einstaklingi sem er tilbúinn að taka þátt í að næra anda og maga samstarfsfólksins.

Ef þú hefur áhuga á að starfa með okkur biðjum við þig að senda umsókn inni á vefsvæðinu, parlogis.is, eða með tölvupósti; netfangið er gudny@parlogis.is

Við bjóðum upp á hvetjandi starfsumhverfi fyrir öflugt fólk og viljum gjarnan sjá umsóknir frá fólki á öllum aldri og af báðum kynjum.

parlogis

Parlogis | Krókhálsi 14 | 110 Reykjavík | Sími 590 0200 | Fax 590 0201

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

---

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

## Starfsnám í utanríkisþjónustunni

Utanríkisráðuneytið auglýsir starfsnám í utanríkisþjónustunni. Markmið starfsnámsins er að gefa ungu fólki sem er að hefja starfsferil sinn færi á að kynnast störfum utanríkisþjónustunnar. Starfsnámið er ætlað fólki sem hefur lokið BA/BS-gráðu og er í, hyggur á eða hefur nýlokið meistaranámi í grein sem tengist málefnasviði utanríkisþjónustunnar.

Um er að ræða sex mánaða tímabil, frá júlí-desember 2013. Starfsnámið fer fram á aðalskrifstofu ráðuneytisins eða starfsstöð utanríkisþjónustunnar erlendis.

**Kröfur til umsækjenda:**

- BA / BS gráða eða sambærileg menntun í grein sem tengist málefnasviði utanríkisþjónustunnar
- Góð kunnátta í íslensku, ensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli
- Kunnátta í frönsku, þýsku eða öðru tungumáli er æskileg
- Góð aðlögunarhæfni
- Íslenskur ríkisborgararéttur

Starfsnám hjá utanríkisráðuneytinu er launað og þiggja starfsnemar laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins.

**Umsóknarfrestur er til og með 27. apríl 2013.** Umsóknir ásamt einkunnum úr háskólanámi skulu berast á netfangið starfsnam@mfa.is, merkt **„Starfsnám 2013“**. Litið verður svo á að umsóknir gildi í sex mánuði frá því að umsóknarfresti lýkur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar veitir Anna Ósk Kolbeinsdóttir í síma 545-9900 (aok@mfa.is).

# Vélstjóri

Vélstjóra vantar á Hríseyjarferjuna Sævar.
Réttindi VS3 ásamt námskeiði Slysavarnarskólans sem þarf vegna farþegaskipa.

**Upplýsingar í s. 821 1877**

---

# VIÐ LEITUM AÐ GÓÐU FÓLKI

**Kubbur** óskar eftir meiraprófs-bílstjórum og verkafólki til starfa við sorphirðu í Hafnarfirði.

Atvinnuumsóknir sendist á **kubbur@kubbur.is**
Nánari upplýsingar um störf í síma 456-4166

Umsóknarfrestur er til **22. apríl 2013.**

Kubbur ehf. er endurvinnslufyrirtæki með starfssemi á Ísafirði, Vestmannaeyjum og Hafnarfirði.

KUBBUR
*Umhverfið er okkar*

---

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



# Deildarlæknar starfsnám í lyflækningum

Störf deildarlækna í starfsnámi í almennum lyflækningum á lyflækningasviði Landspítala eru laus til umsóknar.

Undanfarin ár hefur verið unnið að uppbyggingu framhaldsnáms í almennum lyflækningum á Landspítala. Unnt er að ljúka allt að 3 árum sem nýtast vel til veitingu sérfræðileyfis í almennum lyflækningum. Fyrirhugaður heildarfjöldi deildarlækna er 25.

Opnuð hefur verið bráðalyflækningadeild þar sem áhersla er á greiningu og meðferð bráðveikra.

Að skipulagningu framhaldsnámsins koma framhaldsmenntunarstjóri, sérfræðingur í almennum lyflækningum og skrifstofustjóri framhaldsmenntunar lyflækninga, auk framhaldsmenntunarnefndar sviðsins.

Miðað er við að ráðningartími sé a.m.k. eitt ár og/eða til allt að 3ja ára, eða eftir samkomulagi.

## Helstu verkefni og ábyrgð

Sérnámið er alhliða þjálfun í almennum lyflækningum. Námslæknar starfa á öllum deildum lyflækningasviðs. Sérstök áhersla verður lögð á starf á dag- og göngudeildum. Námslæknar eru einnig hvattir til að sinna vísindarannsóknum á námstíma.

## Hæfnikröfur

» Almennt íslenskt lækningaleyfi
» Vilji til þátttöku í áframhaldandi uppbyggingu sérnáms í almennum lyflækningum
» Jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum

## Nánari upplýsingar

» Umsóknarfrestur er til og með 27. apríl 2013.
» Starfshlutfall er 100% og veitast störfin frá 1. maí 2013 eða eftir samkomulagi.
» Upplýsingar veita Már Kristjánsson, yfirlæknir og framhaldsmenntunarstjóri lyflækningasviðs, markrist@landspitali.is, sími 824 5607 og Hrafnkell Stefánsson, læknir, hrafnks@landspitali.is, sími 825 3574.
» Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af prófskírteinum og lækningaleyfi. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.
» Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Má Kristjánssyni, LSH C9 Fossvogi.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

**Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun**

---

# Viltu vera með í liðinu okkar?

*Tilgangur Íbúðalánasjóðs er að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks til að eignast og leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.*

*Starfsmannastefna Íbúðalánasjóðs tekur mið af jafnréttisáætlun. Umsóknir gilda í 6 mánuði ef ráðið verður í önnur störf á þeim tíma.*

Vegna aukinna verkefna vill Íbúðalánasjóður bæta við sig duglegum og jákvæðum starfsmönnum

## Lánafulltrúi á einstaklingssviði

### Starfssvið

- Afgreiðsla lánsumsókna
- Greining gagna
- Vinnsla erinda fyrir lánanefnd
- Útgáfa íbúðalána og skjala vegna yfirtöku lána
- Aðstoð við ráðgjöf til einstaklinga vegna lánsumsókna

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta
- Starfsreynsla og þekking á lánamálum er æskileg
- Góð færni í Word og Excel
- Framúrskarandi þjónustulund
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Samskiptahæfileikar og færni til að starfa í hópi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

## Umsjónarmaður fasteigna á eignasviði

### Starfssvið

- Umsjón með fasteignum Íbúðalánasjóðs
- Matsgerðir og álitsgerðir í tengslum við úttektir á ástandi eigna
- Viðhald og lagfæringar
- Innri og ytri skýrslugjöf
- Samskipti við eftirlitsmenn fasteigna á landsbyggðinni

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Byggingatæknifræðingur eða byggingafræðingur
- Iðnmenntun er kostur
- Reynsla af sambærilegum verkefnum
- Reynsla af mati á ástandi og viðhaldsþörf fasteigna er æskileg
- Framúrskarandi þjónustulund
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Samskiptahæfileikar og færni til að starfa í hópi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

## Fulltrúi á eignasviði

### Starfssvið

- Bókhald fullnustueigna
- Umsýsla við útleigu eigna
- Gerð leigusamninga
- Svörun fyrirspurna og erinda viðskiptavina vegna greiðsluvanda
- Samskipti og þjónusta við viðskiptavini

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Reynsla og þekking af bókhaldi er skilyrði
- Góð færni í Word og Excel, þekking á Navision æskileg
- Framúrskarandi þjónustulund
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Samskiptahæfileikar og færni til að starfa í hópi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Í öllum tilvikum er um að ræða fullt starf. Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

HAGVANGUR

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**
**Upplýsingar veitir Vaka Ágústsdóttir, vaka@hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 29. apríl nk.**

**www.ils.is**
Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969

Íbúðalánasjóður

# Skatteftirlit



**RSK hefur með höndum álagningu opinberra gjalda og annarra skatta og gjalda auk þess að annast skatteftirlit. Starfsmenn dreifast á níu starfsstöðvar. Meginstefna RSK í mannauðsmálum byggir á gagnkvæmu trausti, tillitssemi og virðingu á milli stofnunar og starfsmanna og starfsmanna sín í milli. Unnið er eftir gildunum: Fagmennska - Jákvæðni - Samvinna**

**Á eftirlitssviði RSK starfa nú um 30 manns. Starfsemi sviðsins er skipt í þrjú sérhæfð teymi sem eru greiningarteymi, átaksteymi og endurskoðunarteymi.**

**Nú er tækifæri fyrir öfluga og jákvæða einstaklinga að ganga til liðs við átaksteymi eftirlitssviðs. Starfið felst í vettvangseftirliti þar sem réttmæti skattframkvæmdar fyrirtækja er sannreynt á starfsstöðvum þeirra. Það hefur jafnframt forvarnar- og leiðbeiningargildi.**

**Hæfnikröfur**

- **Viðeigandi háskólamenntun, t.d. á sviði viðskiptafræði eða lögfræði.**
- **Haldgóð þekking og reynsla á bókhaldi og daglegri skattframkvæmd.**
- **Þekking á reikningsskilum, málsmeðferðarreglum og almennri skattframkvæmd æskileg.**
- **Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð.**
- **Geta til að vinna undir álagi.**
- **Lipurð í mannlegum samskiptum.**
- **Góð almenn tölvukunnátta.**

Upplýsingar um starfið veitir Inga Hanna Guðmundsdóttir starfsmannastjóri RSK í síma 442 1151.

Umsóknir skulu fylltar út á rsk.is eða á Starfatorgi. Ferilskrá sem inniheldur ítarlegar upplýsingar m.a. um menntun, fyrri störf, meðmælendur og annað er máli skiptir þarf að fylgja með.

Umsóknarfrestur er til og með 27. apríl 2013. Litið verður svo á að umsóknir gildi í 6 mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu. Laun taka mið af kjarasamningi ríkisins við viðkomandi stéttarfélag.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

*Frekari upplýsingar má finna á rsk.is*

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
**www.hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

## MÁLMSMIÐIR

Óskum eftir að ráða málmiðnaðarmann á verkstæði okkar. Má vera ófaglærður en hafa áhuga á að læra að smíða vandaðar stálinnréttingar. Framtíðarstarf fyrir réttan mann og íslenskukunnátta nauðsynleg.

**Vinsamlegast hafið samband við verkstjóra.**

Frostverk
KÆLI- OG FRYSTITÆKI

Skeiðarási 8 • 210 Garðabæ • Sími 565 7799

Krakkaborg

## Leikskólinn Krakkaborg Flóahreppi

**Leikskólinn Krakkaborg óskar eftir þroskaþjálfa eða leikskólakennara í 85% stöðu sem stuðningur inni á deild.**

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Einnig er óskað eftir leikskólakennara í 100% stöðu fyrir skólaárið 2013 – 2014.
Ef leikskólakennarar og eða þroskaþjálfi fást ekki til starfa munu leiðbeinendur verða ráðnir í stöðurnar tímabundið.
Leikskólinn Krakkaborg er staðsettur við Þingborg, 8 km austur af Selfossi.

Óskað er eftir jákvæðum, skapandi og metnaðarfullum einstaklingum með góða hæfni í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þurfa að búa yfir frumkvæði og skipulagsfærni, vera sjálfstæðir í vinnubrögðum og vera tilbúnir að taka þátt í að vinna að uppeldi og menntun barna á leikskólaaldri í nánu samstarfi við stjórnendur.

**Umsóknarfrestur er til 24. apríl 2013.**
Hægt er að sækja um á netinu á www.leikskolinn.is/krakkaborg undir flipanum: Um leikskólann – starfsumsóknir.
Nánari upplýsingar um störfin veitir Karen Viðarsdóttir leikskólastjóri í síma 482-3085 eða með því að senda fyrirspurn á karen@floahreppur.is

HSSA

## Yfirlæknir á Heilbrigðisstofnun Suðausturlands, Hornafirði

Laus er til umsóknar staða yfirlæknis við Heilbrigðisstofnun Suðausturlands Hornafirði, um er að ræða 100% stöðu. Æskilegt er að umsækjendur hafi viðurkenningu sem sérfræðingar í heimilislækningum. Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Læknafélags Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Heilbrigðisstofnunin er rekin af Sveitarfélaginu Hornafirði með þjónustusamning við ríkið og eru íbúar Sveitarfélagsins um 2.200.

Hornafjörður er fjölskylduvænt og blómstrandi samfélag í ríki Vatnajökuls. Auk stórkostlegrar náttúru og útsýnis sem á sér vart hliðstæðu er á Hornafirði að finna fjölbreytta þjónustu og afþreyingu sundlaug, söfn og sýningar, golfvöll og margt fleira.

Umsóknum skal skila á viðeigandi eyðublöðum sem fást á heimasíðu Embætti landlæknis http://www.landlaeknir.is/um-embaettid/umsoknir/ til Matthildar Ásmundardóttur, framkvæmdastjóra, Heilbrigðisstofnun Suðausturlands, Víkurbraut 31, 780 Hornafjörður, sími 470-8616/692-9015, netfang: matthildur@hssa.is sem gefur jafnframt nánari upplýsingar um starfið.
Upplýsingar er einnig að finna á heimasíðu heilbrigðisstofnunarinnar www.hssa.is.

**Umsóknarfrestur er til 3. maí 2013.**

# Noregur

**Norskt fyrirtæki í byggingariðnaði óskar eftir að ráða 2 samhenta trésmiði til timburhúsabygginga.**

**Upplýsingar í síma 0047 414 09288 eða á netfanginu tynes@mjolnir.no**

FARMER.IS
farmers market
bændamarkaður

GOLDEN CIRCLE CENTER

## Aðstoðarrekstrarstjóri

óskast við bændamarkað og upplýsingamiðstöð á Laugarvatni frá apríl til september.
Áhugasamir sendi ferilskrá á erling@atlantis.is.
**Nánari upplýsingar í síma 696-9696**

## ZOO.IS

Vegna mikilla anna viljum við bæta í hópinn okkar hársnyrti/hársnyrtimeistara.

Við erum að leita af fagmanni sem er tilbúin/inn að vinna á metnaðarfullri stofu með frábæru fagfólki og skemmtilegum kúnnum.

Viðkomandi þarf að vera metnaðarfullur með mikla þjónustulund,hafa góðan húmor og vilja hafa gaman í vinnunni.

**Um er að ræða 70-100% starf.**

Ef þú ert manneskjan sem við leitum að hafðu samband við okkur á emailið einar@zoo.is

BED HEAD TIGI · ZOO HÁRSTÚDÍÓ · MOROCCANOIL

101 REYKJAVIK
ROOM WITH A VIEW

## ROOM WITH A VIEW – apartment hotel

**Auglýsir eftirfarandi störf laus til umsóknar:**

### Næturvörður - 100% starf

**Hæfniskröfur:**
- Samviskusemi, heiðarleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð tungumálakunnátta
- Reynsla af svipuðu starfi kostur
- Aðeins 25 ára og eldri koma til greina

### Þúsundþjalasmiður – tilfallandi starf

**Hæfniskröfur:**
- Samviskusemi, heiðarleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Menntun eða reynsla í byggingaiðnaði æskileg

Vinsamlegast sendið umsóknir á manager@roomwithaview.is **eigi síðar en 21. apríl n.k.**

Room With a View Laugavegi 18, 101 Reykjavík s. 552-7262

# Starf í tjónaþjónustu TM

**Vegna aukinna verkefna óskar Tryggingamiðstöðin eftir að ráða starfsmann í fullt starf í líkams- og ferðatjónadeild félagsins.**

**Starfssvið:**
// Almenn afgreiðsla og utanumhald vegna ferðatjóna
// Samskipti og þjónusta við viðskiptavini og samstarfsaðila
// Gagnaöflun, útreikningar og greiðsla kostnaðar

**Hæfniskröfur:**
// Stúdentspróf eða önnur haldbær menntun sem nýtist í starfi
// Góð tölvuþekking og tölvulæsi ásamt góðri íslensku- og enskukunnáttu
// Rík þjónustulund
// Viðkomandi þarf að geta starfað sjálfstætt og unnið vel í hópi og undir álagi
// Gerð er krafa um nákvæmni í starfi og markviss og fagleg vinnubrögð

Umsóknarfrestur um starfið er til og með **21. apríl** n.k. Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda á netfangið starf@tm.is Farið er með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

Björk Viðarsdóttir, forstöðumaður líkams- og ferðatjóna (bjorkv@tm.is) veitir frekari upplýsingar um starfið.

TM er framsækið og metnaðarfullt fyrirtæki sem býður starfsfólki sínu góða vinnuaðstöðu. **Ef þú er tryggður - þá færðu það bætt** er loforð TM til viðskiptavina um sanngjarna og hraðvirka tjónaþjónustu. Starfsmenn TM hafa sérþekkingu í aðstoð við viðskiptavini vegna óhappa og hafa hjálpað fólki í gegnum erfiðleika í tæp 60 ár. Við erum þess fullviss að hvergi er betur staðið að slíkri þjónustu.

**TM** // Síðumúla 24 // Sími 515 2000 // tm@tm.is // **www.tm.is**

strætó.is

# Strætó bs. leitar að vagnstjórum í sumarafleysingar!

**Um starfið**
Í starfinu felst að aka strætisvögnum Strætó bs. samkvæmt leiðakerfi sem og aðstoða og leiðbeina farþegum við að komast leiðar sinnar um höfuðborgarsvæðið. Um er að ræða sumarafleysingar og er unnið samkvæmt vaktafyrirkomulagi.

**Helstu starfs- og ábyrgðarsvið eru:**
- Akstur eftir vakta- og vagnaferlum.
- Samskipti og þjónusta við farþega.
- Samskipti við samstarfsmenn.
- Miðlun upplýsinga.
- Vagnumsjón.
- Fagmannleg vinnubrögð samkvæmt stefnu Strætó bs.

**Hæfniskröfur:**
- Hreint sakavottorð er skilyrði.
- Góð íslenskukunnátta.
- Aukin ökuréttindi / Réttindaflokkur D.
- Mikil þolinmæði og rík þjónustulund.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

**Umsóknarfrestur er til og með 20. apríl 2013.**

Umsjón með ráðningum hefur Hugtak mannauðsráðgjöf.

Hugtak mannauðsráðgjöf

**Umsóknir skulu berast með tölvupósti til: radningar@hugtak.is. Frekari upplýsingar veitir Guðlaugur Örn í síma 571-5000 eða gudlaugur@hugtak.is.**

## VERKFRÆÐINGUR/TÆKNIFRÆÐINGUR • SELFOSS

**Laust er til umsóknar staf tæknimanns í umsjónardeild. Um 100% starf er að ræða. Með tilliti til aldurssamsetningar starfsmanna Vegagerðarinnar er gjarnan tekið við umsóknum frá yngra fólki með nýleg próf.**

VEGAGERÐIN

**Starfssvið**
- Áætlanagerð og kostnaðareftirlit með verkefnum þjónustustöðva
- Vinna við áætlanir, útboð og verksamninga
- Eftirlit með framkvæmdum ásamt tæknilegu og fjárhagslegu uppgjöri
- Umsjón með samningum um þéttbýlisvegi, héraðsvegi, styrkvegi, reiðvegi og girðingar ásamt framkvæmd þeirra og uppgjöri.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólmenntun í verk- eða tæknifræði
- Einhver stjórnunarreynsla er æskileg
- Góð tölvukunnátta
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt,
- Hæfni í mannlegum samkiptum

**Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum og í samræmi við starfsmannastefnu Vegagerðarinar eru konur með tilskyldar hæfniskröfur sérstaklega hvattar til að sækja um starfið.**

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til 29. apríl 2013.** Umsóknir berist mannauðsstjóra, netfang starf@vegagerdin.is. Umsóknareyðublað má finna á slóðinni http://www.vegagerdin.is/umsoknir-og-leyfi/ymislegt/ en ekki er gerð krafa um að það sé notað. Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þær hæfniskröfur sem gerðar eru.

Æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Bjarni Stefánsson, deildarstjóri í síma 522 1461

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

HELSE PERSONAL AS

## Sykepleiere til Norge

Helse Personal AS søker engasjerte og faglig dyktig sykepleiere til ulike oppdrag i Norge innenfor sykehjem, hjemmesykepleie og bofellesskap.

Du må ha Norsk autorisasjon, www.sak.no, og relevant jobberfaring.

Vi tilbyr gode lønnsbetingelser og god oppfølging.

Man må beherske norsk, dansk eller svensk språk godt både skriftlig og muntlig.

**Kontaktinformasjon:** Helse Personal, +47 902 80 287
post@helsepersonal.no • www.helsepersonal.no



## Viltu taka þátt í að byggja upp öflugustu tækjaleigu landsins?

### Kvikmyndadeild LUXOR

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi til að taka þátt í uppbyggingu tækjaleigunnar LUXOR sem er alhliða tækjaleiga og tækjasala fyrir kvikmynda- og sjónvarpsiðnaðinn, viðburða- og tónleikafyrirtæki, leikhús, stofnanir og önnur fyrirtæki. LUXOR er hluti af Sagafilm, stærsta framleiðslufyrirtæki landsins á sviði sjónvarpsefnis, kvikmynda og viðburða, og því er á einum stað hægt að hrinda í framkvæmd stærstu draumum tónleikahaldara, sjónvarpsframleiðanda, viðburðastjórnenda eða jafnvel afmælisbarna.

LUXOR

**Helstu verkefni:**
- Umsjón með grip- og kvikmyndatökubúnaði LUXOR
- Viðhald og umsjón með viðhaldi á búnaði eftir þörfum
- Tilboðsgerð í verkefni og sölumennska
- Stuðla að jákvæðum og árangursríkum samskiptum við viðskiptavini, birgja og samstarfsmenn

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Fagleg og sjálfstæð vinnubrögð
- Brennandi áhugi og frumkvæði
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Þekking og reynsla á kvikmyndaiðnaðinum og þekking á tökuvélum er skilyrði
- Haldgóð þekking á grip búnaði er æskileg
- Góð samskipta- og skipulagshæfni, jákvæðni og stundvísi
- Framúrskarandi þjónustulund

Umsóknir berist Sagafilm, Laugavegi 176, 105 Reykjavík, merktar LUXOR, fyrir 01.05.2013 eða í gegnum tölvupóst á bragi@luxor.is

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Garðaskóli**
- Náttúrufræðikennari

**Leikskólinn Akrar**
- Aðstoðarmatráður 75% starf

**Heimili fyrir fatlað fólk**
- Sumarstörf

**Félagsleg heimaþjónusta**
- Starfsmaður í heimaþjónustu

**Bæjarskrifstofur**
- Deildarstjóri skóladeildar
- Þjónustustjóri

Nánari upplýsingar á vef Garðabæjar
**www.gardabaer.is**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is




sagafilm

## Viltu starfa í spennandi fyrirtæki þar sem sköpunargleðin fær að njóta sín?

**Sagafilm er stærsta framleiðslufyrirtæki landsins á sviði sjónvarpsframleiðslu, kvikmyndaframleiðslu og atburðastjórnar. Hjá Sagafilm starfa um 40 manns.**

## Við leitum að öflugum hljóðmanni til starfa með okkur í Sagafilm

Hæfniskröfur:

- Reynsla af hljóðsetningu á Protools
- Reynsla af upptökum á tökustað
- Reynsla af hljóðblöndun við beinar útsendingar
- Gott vald á íslensku sem og ensku
- Þægilegt viðmót og lipurð í samskiptum
- Stundvísi
- Gott eyra

Umsóknir berist til Sagafilm, Laugavegi 176, 105 Reykjavík, merktar Hljóð 2013, **fyrir 22.04.2013** eða í gegnum tölvupóst á tinna@sagafilm.is



Svefn & heilsa

## BÓKARI ÓSKAST

Um er að ræða **75% skrifstofustarf og umsjón með bókhaldi fyrirtækisins**.

Aðeins manneskja með góða og mikla kunnáttu kemur til greina sem er dugleg, samviskusöm, stundvís, heiðarleg og nákvæm.

Þekking á **Navision** er nauðsynleg.

Frábært vinnuumhverfi fyrir réttu manneskjuna.

Við mat á umsóknum verður sérstaklega lagt upp úr reynslu og menntun umsækjanda og meðmæli eru skilyrði.

Áhugasamir sæki um á et@heilsa.is fyrir **30. apríl** nk. Nánari upplýsingar um starfið veitir framkvæmdastjóri í síma 660 0022.

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 · Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga 10:00 - 18:00 · laugardaga 11:00 - 16:00**
**www.svefn.is**

ÍAV

# Rafvirkjar

ÍAV óskar eftir að ráða rafvirkja til starfa.
Nánari upplýsingar veitir Ásgeir Gunnarsson s. 693-4310.
Umsóknareyðublöð má finna á heimasíðu www. iav.is



ÍAV hf., Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 530 4200

## LOOKING FOR A CHALLENGE IN NORWAY?

**We are seeking experienced engineers:**

**MECHANICAL DESIGN ENGINEERS**
For rotating equipment using Autodesk Inventor

**STRUCTURAL STEEL CALCULATIONS**
Using ANSYS, STAADPro and Matchcad

**ELECTRO, INSTRUMENT & AUTOMATION**
Using Siemens PLC S7 or ABB 800xA, CAD in PDMS

**HYDRAULIC / PIPING ENGINEERS**
Experienced w/ AutoCAD Plant 3D or PDMS

We prefer candidates w/ min. 3 years experience from the Offshore or Process (refineries, factories etc.) Industry w/ knowledge of ASME/ AISC/ API/ ISO/ EN/ BS etc.

If you wish to apply, send your English CV to :
**CVIceland@engineeringsupply.no**

engineering supply

**WWW.ENGINEERINGSUPPLY.NO**

TRAUST FYRIRTÆKI • JÁKVÆÐUR STARFSANDI • SAMKEPPNISHÆF LAUN

# KREFJANDI OG LÍFLEGT STARF

Við leitum að frábærum aðstoðarveitingastjóra til starfa hjá Eldsmiðjunni í 100% vaktavinnu. Unnið er 15 daga í mánuði. Þar er öflug liðsheild og frábær vinnuandi. Ef þú hefur gaman af fólki, ríka þjónustulund, ábyrgðartilfinningu og ert eldri en 26 ára, hikaðu þá ekki við að skella inn umsókn hjá okkur:

**atvinna@foodco.is**
**http://umsokn.foodco.is**




# ELSKAR ÞÚ BLÓM?

## Blómaskreytir í verslun Blómavals í Skútuvogi

þarf að hefja störf sem fyrst...

**Vilt þú verða hluti af öflugri liðsheild og starfa í heillandi heimi Blómavals?**

**Ábyrgðarsvið**
- Útbúa blómaskreytingar af öllum stærðum og gerðum
- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Vöruframsetning og útstillingar

**Hæfniskröfur**
- Starfsreynsla úr blómaverslun æskileg
- Metnaður og rík þjónustulund
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Ekki spillir góð tölvukunnátta fyrir

Vinnutími alla virka daga frá kl. 12-19 og annan hvern sunnudag 11-19

**Umsóknir berist fyrir 20. apríl n.k.**
**til Guðrúnar Kristinsdóttur, gudrunk@husa.is**
**Öllum umsóknum verður svarað.**

**Metnaður**
**Þjónustulund**
**Sérþekking**



blómaval
heillandi heimur




# Verkefnastjóri

Norðurslóðanet Íslands **(the Icelandic Arctic Cooperation Network)** leitar að fjölhæfum verkefnastjóra til að taka þátt í fjölbreytilegum verkefnum.

Um er að ræða fullt starf og í upphafi ráðið til eins árs með möguleika á framlengingu. Viðkomandi þarf að geta byrjað sem fyrst. Starfsstöðin er í Rannsóknahúsinu að Borgum við Norðurslóð á Akureyri.

### Starfið felur m.a. í sér eftirfarandi:
- Almenna verkefnastjórnun
- Kynningarmál
- Efnisöflun
- Upplýsingamiðlun
- Vefumsjón
- Önnur tilfallandi verkefni

### Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta í töluðu og rituðu máli er algert skilyrði
- Góð og fjölbreytileg tölvukunnátta er nauðsynleg, reynsla af vefumsjón æskileg
- Skipulagsfærni, frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt og í teymi
- Hæfni, jákvæðni og lipurð í samskiptum og upplýsingamiðlun

Markmið Norðurslóðanets Íslands er að auka vitund og þekkingu á málefnum norðurslóða og sinna upplýsinga- og ráðgjöf þar að lútandi. Jafnframt að stuðla að samvinnu aðila úr fræði-, einka- og opinbera geiranum jafnt á Íslandi sem og á erlendri grundu.

Umsóknarfrestur er **til og með 28. apríl** 2013.
Umsóknir sendist á netfangið **embla@arcticiceland.is** og skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar um starfið í síma 864 5979 eða í tölvupósti - embla@arcticiceland.is

# Vefforritari / leiðtogi

Við hjá Netvistun leitum nú að áhugasömum og kraftmiklum leiðtoga til að taka þátt í spennandi verkefnum á sviði vefforritunar.

**Það sem starfið felur í sér:**

- Forritunarverkefni fyrir innlenda og erlenda aðila
- Þróun hugbúnaðarlausna
- Verkefnastjórnun og skipulagning verkefna
- Samskipti við viðskiptavini

**Þeir kostir sem þér þurfa að fylgja:**

- Gott vald á PHP/ MySQL / Javascript / HTML / HTML5
- Háskólamenntun eða haldmikil reynsla
- Jákvæðni og öguð vinnubrögð
- Reynsla af kerfisstjórnun æskileg

Netvistun stefnir inn í spennandi tíma.
Næg verkefni á könnunni, frábært starfsfólk og góð vinnuaðstaða.
Við erum lítið og rótgróið fyrirtæki með stórt hjarta og metum mikils áhuga starfsmanna og frumkvæði.

Áhugasamir sendi umsókn á netfangið asta@netvistun.is fyrir mánudaginn 22.apríl

netvistun
www.netvistun.is



*Launafl ehf er iðnfyrirtæki í Fjarðabyggð.*

**Launafl ehf. óskar eftir að ráða**

## reyndan blikksmið

**með full réttindi til starfa nú þegar.**
**Góð laun í boði.**

**Nánari upplýsingar veitir**
Adda Ólafsdóttir, starfsmannastjóri og
Magnús Helgason, framkvæmdastjóri.

Hægt er að senda fyrirspurnir og umsóknir á adda@launafl.is eða magnus@launafl.is.

LA LAUNAFL

**www.launafl.is – sími 414-9400**

# ERUM VIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR?



## SPENNANDI TÆKIFÆRI!

Mikil fjölbreytni ríkir í starfsemi BYKO og erum við ávallt að leita að góðu fólki. Það fólk sem við ráðum til starfa þarf að búa yfir hæfileikum til að starfa sjálfstætt, vera jákvætt og eiga mjög gott með að vinna með öðrum.

## BYKO BREIDD

**VINNUFATADEILD BYKO BREIDD**

Sölumaður í vinnufatadeild BYKO. Starfið felst í ráðgjöf og sölu til viðskiptavina. Reynsla af sölumennsku er góður kostur auk þess sem æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu á vinnufatnaði, öryggisskóm og öryggisvörum.

Nánari upplýsingar vegna starfsins í BYKO Breidd veitir Rúnar V. Gunnlaugsson verslunarstjóri í síma 515 4000.
Hægt er að sækja um starfið með því að senda inn umsókn í gegnum www.byko.is eða á netfangið runar@byko.is.

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

EXPO · www.expo.is

## Guðmundur Tyrfingsson ehf

Guðmundur Tyrfingsson ehf óskar eftir starfsfólki í eftirfarandi störf:

**Starfsmaður í sölu- og markaðsmál**
Hæfniskröfur:

- Góð enskukunnátta, töluð og skrifuð
- Góð tölvukunnátta
- Getur unnið mikið yfir sumartímann
- Getur unnið sjálfstætt
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af ferðaþjónustu og markaðsmálum er kostur

**Bifreiðastjórar:**
Leitum að bifreiðstjórum yfir sumartímann.
Hæfniskröfur:

- Rútupróf
- Stundvísi
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

**Bifvélavirki eða vanur viðgerðarmaður**
Hæfniskröfur:

- Reynsla af viðgerðum stórra bíla æskileg
- Góð tölvukunnátta
- Stundvísi

Hægt er að sækja um á www.gtyrfingsson.is eða senda umsókn á sb@gtyrfingsson.is.

Guðmundur Tyrfingsson ehf er rótgróið ferðaþjónustufyrirtæki sem var stofnað 1969. Fyrirtækið er staðsett á Selfossi. Við erum að leita að metnaðarfullu og hressu starfsfólki sem hefur áhuga á að vinna með okkur.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á

## IÐNVÉLAR

# Sölumaður – Tréiðnaður

Iðnvélar hefur í áratugi verið leiðandi fyrirtæki í sölu og þjónustu á vélum , tæknibúnaði og rekstrarvörum til iðnaðar.

Við óskum eftir öflugum og drífandi sölumanni í tréiðnaðardeild Iðnvéla sem bætist í samstilltan hóp starfsmanna fyritækisins.

Í starfinu felst m.a. sala og ráðgjöf á rekstrarvörum tengdum tréiðnaði til viðskiptavina fyrirtækisins um allt land.

Leitað er að drífandi og metnaðarfullum einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt, hefur gaman af mannlegum samskiptum og er reyklaus

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af sölumennsku
- Góð þekking á tréiðnaði sem og rekstarvörum og tæknibúnaði tengdum tréiðnaði
- Góð enskukunnátta

Vinnutími er 8-17:00 alla virka daga

Umsóknir sendist til Margrétar Hansen, margret@idnvelar.is

Ekki er tekið á móti umsóknum í síma.

## Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

- Húsvörður á bæjarskrifstofur Kópavogs
- Sérkennari- stundakennari í Hörðuvallaskóla
- Umsjónarkennari á miðstig í Álfhólsskóla
- Umsjónarkennari á yngsta stig í Álfhólsskóla
- Þroskaþjálfi á hæfingarstöð fyrir fatlað fólk
- Stuðningsfulltrúi á áfangaheimili fyrir fatlaða
- Deildarstjóri í leikskólann Álfatún
- Deildarstjóri í leikskólann Sólhvörf
- Leikskólakennari í leikskólann Sólhvörf
- Leikskólakennari í leikskólann Marbakka

Nánari upplýsingar er að finna á vefnum **www.kopavogur.is** þar sem öll laus störf hjá bænum eru auglýst.

**Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á www.kopavogur.is.**

Kópavogsbær

kopavogur.is

**TELEDYNE GAVIA ehf.**
Everywhereyoulook™

Teledyne Gavia ehf. specializes in the manufacturing of Autonomous Underwater Vehicles. Teledyne Gavia is owned by the US company Teledyne Technologies; for more information visit our website at www.gavia.is

## Teledyne Gavia is seeking a Field Support Engineer who will provide both internal and external customer support for Gavia Autonomous Underwater Vehicles

**Position:**
- Conduct Acceptance tests for Gavia vehicles, both in Iceland and abroad
- Provide technical support to Gavia users
- Provide on-site operational support to customers
- Conduct Gavia training courses

**Education and qualification:**
- Degree in Engineering or equivalent
- Excellent technical knowledge
- Excellent communication skills
- Experience working at sea or marine equipment preferred
- Ability to travel up to 50%
- Must be able to work in a fast paced and international environment.
- Excellent computer skills

**Please send a current CV to sreynisson@teledyne.com on or before 21st of April.**

**Reykjavíkurborg**
Umverfis- og skipulagssvið



## Umhverfis- og þróunarfulltrúi á deild náttúru og garða

**Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar auglýsir eftir umhverfis- og þróunarfulltrúa til starfa á Skrifstofu umhverfisgæða, deild náttúru og garða hjá Reykjavíkurborg. Deild náttúru og garða sér meðal annars um forsagnir og ýmiss konar stefnumörkun vegna gróðurs og grænna svæða og umsýslu með náttúrutengdum málum.**

**Helstu verkefni og ábyrgð.**
- Að vinna að fjölbreyttum verkefnum er varða umhverfismál, náttúru og græn svæði í borginni, þar á meðal:
- Aðgerða- og viðhaldsáætlanir fyrir náttúru og græn svæði.
- Gerð umsagna vegna erinda og forsagna fyrir framkvæmdir.
- Taka saman upplýsingar um græn svæði til birtingar á vef, útgáfu eða annarra nota.
- Ýmis tilfallandi verkefni tengd umhverfisstjórnun í rekstri borgarinnar eða á verksviði umhverfis- og skipulagssviðs.
- Skipuleggja og stýra fræðslustarfi Vinnuskóla Reykjavíkur í samráði við skólastjóra með áherslu á garðrækt, náttúruvernd og umhverfisfræðslu.

**Menntunar- og hæfniskröfur.**
- Háskólamenntun á sviði umhverfisfræða, náttúrufræði, líffræði eða sambærilegt.
- Æskilegt er að starfsmaður hafi reynslu af vinnu og verkstjórn verkefna er varða náttúru og gróður.
- Geta tjáð sig í ræðu og riti.
- Lipurð í mannlegum samskiptum, dugnaður og samstarfshæfni.
- Hæfni og geta til frumkvæðis, áhugi, jákvæðni og vilji til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni.
- Skipulagshæfni, nákvæm, öguð og sjálfstæð vinnubrögð og metnaður í starfi.
- Góð almenn tölvukunnátta og þekking á algengum forritum, s.s. Word, Excel, Outlook.

Um er að ræða framtíðarstarf og æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi starfsmannafélags.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þórólfur Jónsson, deildarstjóri og Sigríður Ó. Halldórsdóttir, mannauðsráðgjafi í síma 411-1111 eða með að senda fyrirspurnir á ***thorolfur.jonsson@reykjavik.is*** eða ***sigridur.o.halldorsdottir@reykjavik.is***.

Sækja skal um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar ***www.reykjavik.is*** undir „ **Laus störf**" – Umhverfis- og þróunarfulltrúi á deild náttúru og garða.
Umsóknarfrestur er til **29. apríl 2013**.

Öllum umsækjendum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynjanna í störfum og því að vinnustaðir borgarinnar endurspegli fjölbreytileika reykvísks samfélags. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar í síma 4 11 11 11 eru veittar allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og símasamband við starfsmenn einstakra sviða og deilda.

NÓI SÍRÍUS

Nói Síríus framleiðir, selur og dreifir matvöru af ýmsu tagi, einkum sælgæti og morgunkorni. Hjá fyrirtækinu vinna um 130 manns eftir verkferlum í opnu vinnuumhverfi og lögð er áhersla á stöðugar umbætur í fyrirtækinu í stóru sem smáu. Megináhersla er lögð á ánægju viðskiptavina, vörugæði, starfsánægju og ábyrgð gagnvart samfélaginu og umhverfinu.

# Viðskiptastjóri smásölu

Nói Síríus óskar eftir að ráða viðskiptastjóra smásölu.

**Starfssvið**
- Áætlanagerð og skipulagsvinna
- Stjórnun viðskiptatengsla og samningagerð
- Yfirumsjón með sölu- og markaðssetningu vara á sínu sviði
- Mikil samskipti við viðskiptavini og birgja
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun
- A.m.k. tveggja ára reynsla af sölu- og/eða markaðsmálum skilyrði
- Reynsla af smásölumarkaði skilyrði
- Góð samningatækni og samskiptahæfni
- Árangurssækni, drifkraftur og sannfæringargeta
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð tölvukunnátta og tölugleggni

**Upplýsingar veitir:**
Rannveig J. Haraldsdóttir
rannveig@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 21. apríl**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is




# Erum við að leita að þér?

## Olíubílstjórar í sumarstörf

Skeljungur óskar eftir að ráða olíubílstjóra til starfa á rekstarsvið í Örfirisey. Við leitum að dugmiklum einstaklingum til sumarstarfa til að sinna afgreiðslu, dælingu og dreifingu á eldsneyti til viðskiptamanna og starfstöðva Skeljungs sem eru Orkan og Shell. Um er að ræða skemmtilegt og fjölbreytt starf við dreifingu.

**Hæfniskröfur:**
- CE Meirapróf
- ADR próf kostur en ekki nauðsyn
- Frumkvæði og samskiptahæfileikar
- Sjálfstæð vinnubrögð

**Starfssvið:**
- Dreifing á eldsneyti og smurolíu
- Móttaka pantana
- Eftirlit með birgðageymum

Nánari upplýsingar veitir Kristinn Kristinsson í síma 840 3050 og umsóknum skal skilað **fyrir 21. apríl 2013** inn á heimasíðu Skeljungs undir störf í boði á þessari slóð hér að neðan: **http://www.skeljungur.is/Um-Skeljung/Starfsumsoknir**

Skeljungur

# VILTU VINNA?

## ÓSKUM EFTIR SÖLUMANNI Í VERSLUN Í FULLT STARF



**Ert þú hress og áhugasamur sölumaður með góða þekkingu á tölvubúnaði?**
**Þá viljum við endilega fá þig til starfa í verslun okkar í Reykjavík**

Fjölbreytt og krefjandi starf sem felst í ráðgjöf við val á tölvubúnaði til viðskiptavina ofl.
Nýleg og góð þekking á helstu tölvuíhlutum og tölvubúnaði skilyrði. Fullt starf í boði.

**Sendið tölvupóst á starf@tolvutek.is með ferilskrá • Góð laun í boði og fullur trúnaður**

TÖLVUTEK

**Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900**

## Rafeindavirkjar

Radiomiðun Ehf óskar eftir að ráða rafeindavirkja. Um er að ræða fjölbreytt og áhugvert starf sem felur í sér rekstur, uppsettingu og viðhald á fjarskipta og tölvubúnaði.

Áhugasamir hafi samband í síma 511 1010 eða með tölvupósti á throstur@radiomidun.is

radiomidun

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

### Setbergsskóli

**Þroskaþjálfi, sérkennari eða almennur kennari** með reynslu af vinnu með börnum með einhverfu óskast til starfa við Setbergsskóla næsta skólaár.

Í skólanum er starfrækt námsver fyrir börn með einhverfu þar sem unnið er samkvæmt TEECH hugmyndafræðinni. Þekking á þeirri hugmyndafræði er æskileg.

Allar upplýsingar um starfið veitir Hrönn Bergþórsdóttir, skólastjóri í síma 565 1011/664 5881 netfang hronnb@setbergsskoli.is

Umsóknarfrestur er til og með 24. apríl 2013.

Samkvæmt jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um starfið.

*Fræðslustjórinn í Hafnarfirði*

Mekonomen

## Mekonomen leitar að öflugum sölumanni

Mekonomen er brautryðjandi á Íslandi í notkun rafrænna lausna við sölu á bílavörum og varahlutum. Vegna aukinna umsvifa þurfum við að bæta við öflugum sölumanni. Um er að ræða fjölbreytt framtíðarstarf í vaxandi fyrirtæki.

**Helstu verkefni:**
# Ráðgjöf og sala í verslun
# Meðhöndlun rafrænna pantana
# Pantanir á vörum frá erlendum birgjum
# Vörumóttaka og vörusendingar

**Hæfniskröfur:**
# Staðgóð þekking á bílum og varahlutum
# Skipulagshæfileikar og yfirsýn
# Tala og skrifa ensku
# Góð almenn tölvuþekking

**Nánari upplýsingar:**
# Umsóknarfrestur er til og með 21. apríl 2013
# Starfshlutfall er 100%
# Umsókn ásamt ferilskrá skal senda í tölvupósti á sala@mekonomen.is

Mekonomen á Íslandi er hluti af stærsta fyrirtæki á Norðurlöndum í sölu á bílavörum og varahlutum. Á vef okkar www.mekonomen.is má sjá meira um fyrirtækið.

Vissir þú að...
börn eiga rétt á aðstoð
og hjálp ef þau lenda í ofbeldi

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

**Rennismiður IsoTækni**

Óskum eftir að ráða rennismið til starfa
Aðallega CNC fræsi og rennismíði
IsoTækni ehf simi 5556200
www.isotech.is

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Starf sérfræðings á skrifstofu vísinda og háskóla

Mennta- og menningarmálaráðuneytið auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings á skrifstofu vísinda og háskóla. Um er að ræða fullt starf.

Leitað er að háskólamenntuðum einstaklingi með reynslu og þekkingu á háskóla- og vísindastarfsemi, búi yfir þekkingu og hæfni í öflun, greiningu og miðlun upplýsinga og sé vel ritfær á íslensku og ensku. Góð kunnátta í einu Norðurlandamáli er æskileg. Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og hæfni í mannlegum samskiptum eru og nauðsynlegir kostir.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun greiðast samkvæmt launakerfi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins. Nánari upplýsingar veitir Stefán Baldursson, skrifstofustjóri.

